



287. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn miðvikudaginn 25. mars 2020 kl. 12:00. Hluti stjórnar kom saman í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og hluti stjórnar tengdist fundinum í gegnum Microsoft Teams.

Mættir í Laugardal: Lárus L. Blöndal forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

Mætt á Teams: Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi.

Forseti setti fundinn.

Aðeins eitt mál var á dagskrá fundarins:

1. Íþróttahreyfingin og COVID-19

Forseti og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála í íþróttahreyfingunni vegna COVID-19 veirunnar.

Allt íþróttastarf í landinu liggur niðri þessa stundina eða á meðan samkomubann er í gildi. Í ljósi þeirrar heilsufarsógnar sem yfir okkur vofir og flækjustiga sem sköpuðust með tilliti til skólahalds þá var það eina sem var fært í stöðunni. Það hefur komið fram í fjölmiðlum af hálfu ÍSÍ að aðstæður hafa verið skoðaðar fyrir afreksíþróttafólk til að það hafi möguleika á að halda sér í formi. Framkvæmdastjóri hefur verið í góðu sambandi við þann aðila í velferðarráðuneytinu sem heldur veitir undanþágur vegna þeirra örfáu beiðna sem borist hafa ÍSÍ um undanþágur.

Búið er að skipta starfsfólki ÍSÍ upp í tvo hópa. Helmingur starfsmanna vinnur heima í viku og hinn helmingur í Laugardal og svo er skipt. Starfsemin í Íþróttamiðstöðinni liggur nánast niðri og kaffiteríunni hefur verið lokað til a.m.k. 13. apríl nk. ÍSÍ hefur sent út upplýsingar um úrræði sem í boði eru vegna launagreiðslna og hvatt sambandsaðila til að nýta þau úrræði.

Forseti hefur verið í góðu sambandi við mennta- og menningarmálaráðherra og Líney verið í stöðugu sambandi við Víði Reynisson, fulltrúa almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Góð samvinna hefur verið á milli ÍSÍ og yfirvalda á tímabilinu en ljóst er að það er mikið álag á öllum við að fylgja málum eftir og stjórna aðgerðum í ástandi sem þessu.

• Áskoranir

Íþróttahreyfingin mættir ýmsum áskorunum við þessar aðstæður. Fyrirspurnir hafa borist um fjölmörg útfærslumál varðandi starfsemi hreyfingarinnar. Rætt um möguleg tilmæli frá ÍSÍ til samfélagsins varðandi greiðslu æfingagjalda í þeirri viðleitni að takmarka tekjutap félaganna. Ætla má að félög í landinu verði fyrir tekjutapi vegna margra þátta, svo sem útleigu mannvirkja og mótahaldi, svo eitthvað sé nefnt. Félög hafa verið að reyna eftir bestu getu að veita áfram góða þjónustu til sinna iðkenda, með fjarþjálfun eftir ýmsum leiðum og áform eru um lengingu annarinnar hjá einhverjum íþróttagreinum eða þar sem því verður komið við.

- **Ólympíuleikar**

Forseti greindi frá frestun Ólympíuleikanna í Tókýó fram á næsta sumar. Ekki er búið að gefa út neinar dagsetningar ennþá. Ekki er talið að ÍSí verði fyrir miklum kostnaði vegna frestunarinnar. Líkur á því að íslenskt afreksíþróttafólk nái inn á leikana hafa líklega aukist við þessa frestun þar sem rýmri tími skapar fleiri tækifæri með þátttöku í fleiri mótum. Ljóst er að mikil áskorun felst í frestun leikanna og verkefni sem við blasa verða ekki auðleyst. Vonandi skýrast mál fljótlega en hafa þarf nokkra biðlund í ljósi þess hversu víðfeðmt verkefnið er. Ýmsar spurningar brenna á hreyfingunni varðandi þá aðra íþróttaviðburði sem fyrirhugað er að halda á næsta ári og hvernig viðburðadagatalið mun líta út fyrir árið. Má nefna Smáþjóðaleikana í því tilliti.

Andri Stefánsson sviðsstjóri sagði frestunina hafa mikil áhrif á áætlanir íþróttafólksins því allt var miðað út frá leikunum. Áætlað er að heyra frá sérsamböndum hvernig mál standa hjá viðkomandi íþróttafólki og væntanlega munum við fá skýrari mynd næstu dagana og vikunar. Alþjóðasamböndin eru öll að endurmeta stöðuna þessa stundina.

- **Afrekssjóður ÍSí og úthlutanir 2020**

Lilja Sigurðardóttir formaður Afrekssjóðs ÍSí fór yfir stöðu mála. Búið er að úthluta styrkjum vegna verkefna ársins 2020, gera samninga við flest sérsambönd og stilla upp greiðsluáætlunum. Hluti styrkveitinga vegna 2020 er tengdur umfangi afreksstarfs hjá viðkomandi sérsamböndum og þar sem miklar breytingar eiga sér stað í alþjóðlegu mótahaldi þarf að skoða hvaða áhrif þær breytingar hafa á fjárhag sérsambanda. Ekki er enn ljóst hversu mikil afföll verða á verkefnum sambanda á þessu ári vegna Covid-19 og verður slíkt því skoðað í lok árs með tilliti til niðurfellinga. Í samningum kemur fram hvernig slíku skuli háttað, þ.e. ef um er að ræða veruleg frávik frá áætlunum þarf jafnvel að endurskoða styrkúthlutun, og á sama hátt má einnig búast við að kostnaður sérsambands vegna viðkomandi verkefna sé þá lægri. Á þessum tímamarki er mikilvægt að núverandi greiðsluáætlun til sérsambanda standi og að þeim og íþróttafólkinu sé sýndur stuðningur á meðan staðan sé óljós varðandi alþjóðleg verkefni.

Sérsambönd eru þessa dagana að skila inn uppgjörum vegna síðasta árs og er áætlað að svipaðir upphæðir verði til niðurfellingar nú eins og voru vegna 2018. Reynt verður af öllum mætti að koma sem mest til móts við sérsamböndin varðandi endurgreiðslur, ef til kemur, en í flestum tilfellum hafa niðurfellingar eingöngu áhrif á þá lokagreiðslu sem er ógreidd til sérsambands vegna síðasta árs.

Samþykkt að gæta þess að öll skilaboð til sérsambanda varðandi þessi mál verði sett fram á skýran hátt svo enginn vafi liggja á því hvernig ÍSí mun taka á málum.

- **Úrræði ríkisstjórnarinnar**

Forseti fór yfir þau úrræði sem fram hafa verið sett af hálfu yfirvalda til að koma til móts við þann kostnað sem íþróttahreyfingin hefur orðið fyrir vegna COVID-19 aðgerða.

Úrræði varðandi launagreiðslur getur vel nýst hreyfingunni og hugsanlega einhverjar skattaívilnanir eða frestanir en mestu munar þó um fjárstuðning mennta- og menningarmálaráðherra vegna efnahagslegra áhrifa vegna COVID-19. Nú er ljóst að 250 milljónir króna munu falla íþróttahreyfingunni í skaut. Frumvarp til laga um þennan fjárstuðning hefur ekki enn verið samþykkt en ætla má að það gangi í gegn einhvern allra næstu daga. Í kjölfarið væntir ÍSí þess að formlegt erindi frá ráðherra berist þar sem óskað verði eftir tillögum um það hvernig þessu fé skuli ráðstafað. Fram hefur komið í fjölmiðlum að framlagið er hærra hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu heldur en önnur

lönd í kringum okkur hafa verið að veita til sömu málaflokka. Eftir sem áður verður að koma í ljós hvort að þetta dugar til dekka það tjón sem hefur orðið.

Hvetja þarf sveitarfélög til að taka samtal við félög í landinu og hvetja þau til stuðnings við íþróttastarfið, eftir sem áður.

Forseti lagði til að skipaður yrði þriggja manna vinnuhópur um verkefnið og síðan verði tveir úr stjórn ÍSÍ og einn frá UMFÍ sem tengist vinnuhópnum eftir þörfum. Þetta mál þarf að vinna hratt og vinna verður út frá því sem er augljóst og áþreifanlegt. Ekki er vitað hversu lengi áhrifin af veirunni vara og því erfitt að komast að endanlegum niðurstöðum varðandi kostnað.

Rætt um ýmsar útfærslur á úrvinnslu.

Samþykkt að skipa Guðrúnu Ingu Sívertsen fyrrverandi varaformann KSÍ sem formann þessa vinnuhóps og með henni Hörð Þorsteinsson endurskoðanda og fyrrverandi framkvæmdastjóra GSÍ og Sigurjón Pétursson varaforseta Alþjóðakraftlyftingasambandsins. Öll hafa þau yfirgripsmikla þekkingu á íþróttahreyfingunni og starfi hennar. Framkvæmdastjóri ÍSÍ, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og eftir atvikum aðrir starfsmenn, munu starfa með hópnum. Hópurinn verður kallaður saman við fyrsta tækifæri.

- **Annað**

Forseti skýrði frá því að ÍSÍ héldi eftir sem áður vöku sinni og stæði vaktina eftir þörfum. Kallað verður til fundar í framkvæmdastjórn ÍSÍ eftir þörfum í gegnum Microsoft Teams og nýjar upplýsingar sendar út til stjórnar um leið og þær berast.

Hafsteinn benti á að það þyrfti að vinna varaáætlanir varðandi almenningsíþróttaverkefni ÍSÍ sem áætluð eru á vormánuðum og snemma í sumar.

Framkvæmdastjóri benti á að Almenningsíþróttasvið ÍSÍ heldur úti vefsíðu þar sem finna má fjölbreytilegt efni varðandi heimaæfingar og hreyfiúrræði ásamt almennri hvatningu til almennings um að huga vel að hreyfingu á þessum erfiðu tímum. Fundarmenn voru hvattir til að nýta sér þessi úrræði og gæta að hreyfingu og heilsufari. Hugað verður að því næstu dagana hvort að stytta eigi opnunartíma höfuðstöðva ÍSÍ, fækka starfsmönnum í Laugardalnum og fjölga í heimastöðvum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari